



14. september 2022

Tilv.: 2209061

Dreifibréf númer: 31/2022
til fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum um innleiðingu reglugerða (ESB) samkvæmt CRD/CRR

Seðlabanki Íslands hefur gefið út fimm umræðuskjöl, nr. 11 – 15/2022, sem innihalda drög að reglum til að innleiða reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um tæknilega staðla sem settar eru samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB (CRD) og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Reglurnar verða settar með stoð í 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um er að ræða innleiðingu reglugerða (ESB) 2021/2005, 2021/2176, 2021/931, 2022/192, 2022/193, 2021/453 og 2022/185 sem nýlega tóku gildi innan EES.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjölum berist eigi síðar en 28. september nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöð skulu senda á netfangið: skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
bankar

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir

